

## FORSETAÚRSKURÐUR

### um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72/2013, um skiptingu starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands og forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti, er hér með gerð eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði, nr. 72/2013, um skiptingu starfa ráðherra:

1. gr.

4. gr. úrskurðarins orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Innanríkisráðuneyti.*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir innanríkisráðuneytið skv. 1. tölul., d.-h. lið 4. tölul., 5.-7. tölul., 9.-11. tölul., b. lið 14. tölul., 13. tölul. og 15.-37. tölul. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *innanríkisráðherra*.

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir innanríkisráðuneytið skv. 2. og 3. tölul., a.-c. lið 4. tölul., 8. tölul., 12. tölul. og a. og c.-j. lið 14. tölul. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *dómsmálaráðherra*.

2. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. ágúst 2014.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.*